

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

www.kiwanis.is

Kraftmikið Kiwanisstarf – Látum verkin tala
Sterkara Kiwanis – Frá orðum til athafna
Kiwanis **Kiwanis** – Látum hug fylgja máli

STEFNUMÓTUN

2006 - 2011



Hlutverk, gildi, skilgreining , markmið og merki Kiwanişhreyfingarinnar.

- 1 Inngangur.**
- 2 Núverandi staða.**
- 3 Innri greining.**
- 4 Ytri greining.**
- 5 Styrkur, veikleikar, ógnanir, tækifæri.**
- 6 Framtíðarsýn.**
- 7 Stefnumótun forgangsverkefni.**
- 8 Framkvæmdaáætlun.**

Hlutverk, gildi, skilgreining og einkunnarorð Kiwanişhreyfingarinnar.

Meginhlutverk:

Að bæta heiminn með samtakamætti styrktarverkefna um allan heim

Helstu gildi:

- ✓ Að framfylgja markmiðum Kiwanis International eins og þau birtast hverju sinni
- ✓ Klúbbarnir eru grundvöllur félags- og styrktarstarfs hreyfingarinnar.
- ✓ Þjónusta við börn, fjölskyldur og samfélög um heim allan er forgangsverkefni.
- ✓ Hreyfingin skal vera opin fyrir mismunandi skoðunum og skoðanaskiptum.
- ✓ Svari þörfum félaganna eins og þær birtast á hverjum tíma.
- ✓ Einbeiti sér að leiðtogaþjálfun ungmenna og fullorðinna félaga.

Skilgreining:

Kiwanis er alþjóðasamtök sjálfboðaliða sem hafa að markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna.

Einkunnarorð Kiwanis:

Hjálpum börnum heimsins.

Kjörorð Kiwanisumdæmisins Ísland Færeyjar

2005 - 2006 Kraftmikið Kiwanisstarf – Látum verkin tala
2006 – 2007 Sterkara Kiwanis – Frá orðum til athafna
2007 – 2008 Kiwanis Kiwanis - Látum hug fylgja máli.

Merki Kiwanishreyfingarinnar



Kiwanis

1. Inngangur.

Kiwanishreyfingin þarf stöðugt að endurmeta sig til þess að vera eins öflug og kostur er á hverjum tíma.. Tímar breytast og samkeppni um félagi er orðin mikil. Til þess að halda því sem áorkast hefur og gera betur, þarf að gera stefnumótun fyrir öll störf hreyfingarinnar og takast á við verkefnið með breyttum áherslum sem byggja á því sem vel hefur verið gert og vera óhrædd við að gera hlutina öðruvísi. Kiwanishreyfingin hefur verið að gera góða hluti og stuðlað að mannrækt og sinnt ýmsum aðkallandi líknarmálum. En markmiðum er aldrei náð að fullu og þarf því sífellt þarf að halda áfram, finna nýjar leiðir og betrubæta það sem hefur verið gert í ljósi breyttra tíma og fenginni reynslu.

Stefnumótun er öllum holl. Henni er ætlað að kryfja verkefnið á breiðum grundvelli, skilgreina vandamálin, finna lausnir og setja ramma um framkvæmd. Allir embættismenn eiga að vita til hvers er ætlast af þeim og hvernig þeir eiga að starfa. Þannig verður til ein heild sem vinnur að sameiginlegu markmiði sem hreyfingin setur sér á hverjum tíma.

Skilgreina þarf verkefnið, vita hverjir eiga að vinna þau og ná sáttum niðurstöðurnar. Til þess að svo geti orðið þarf að setja tímaáætlun og hverjir eiga að samþykkja niðurstöður og síðan vinna eftir þeim.

Hér verður stiklað á ýmsum þáttum hreyfingarinnar og starfi hennar, og hverju þarf að taka á til þess að stefna framá við. Ýmsar tillögur sem settar verða hér fram þarf að ræða og skoða til að endanleg sátt verði um niðurstöður og framkvæmd.

2. Núverandi staða.

Á heildina litið er núverandi staða umdæmisins nokkuð góð. Starfið er öflugt verkefnið fjölbreytileg en félagafjöldinn mætti vera meiri, yngri og fjölbreyttari.

- Starfandi Kiwanisfélagar eru nú um 900 auk 100 félagi í ungliðaklúbbum. Flestir voru félagarnir um 1300 þannig að um 30% fækkun hefur orðið á undanförunum árum.
- Samþykktir á verkefnum á umdæmisþingum.
- **Joð-verkefnið**, fjáröflun er að mestu lokið en starfið heldur áfram í samstarfi við UNICEF, og hefur þetta merka farlag orðið til að auka hróður Kiwanis á heimsvísu.
- **K-dagurinn**, hefur verið um árabil helsta fjáröflunarverefni hreyfingarinnar og orðið til viðbótar að umfjöllun um geðheilbrigðismál hafa komið upp á yfirborðið og er ekki lengur feimnismál
- **Hjálma-verkefnið**, hefur eftir að það varð árlegt landsverkefni orðið eitt helsta styrktarverkefni og aukið hróður Kiwanis bæði innan lands og utan. Tekist hefur frábært samstarf við Eimskip sem styrktaraðila.

- **KEP-verkefnið** er Evrópuverkefni sem er nú í endurskoðun eftir velheppnað verkefni í Lettlandi sem nú er lokið.
- **Lífsvísir**, vörn gegn sjálfsvígum, verkefni sem unnið er í samstarfi við Landlæknisembættið. Meta þarf verkefnið að nýju, en verkefnið kom þessu alvarlega máli í meiri meðferð og fyrir það megum við vera stolt.
- **Styrktarsjóður umdæmisins**. Hefur unnið sér sess og lagt fé af mörkum til sérstakara mála sem upp hafa komið eins og t.d. Neyðarhjálp í Norðri. Hægt hefur verið að bregðast skjótt við með þessum hætt.
- **Tryggingarsjóður umdæmisins**, er í góðum rekstri undir sjálfsæðri stjórn.
- Á undanförunum árum hafa umdæmisstjórnir tekið á ýmsum málum er varðar framgang og rekstur hreyfingarinnar, s.s. fjárhagsáætlanagerð, félagatal o. fl.
- Velheppnuð umdæmisþing haf verið haldin á ari hverju en þau hafa þjappað fólki saman og styrkt félags- og persónuleg tengsl manna á milli.
- Fræðsla á vegum umdæmisins hefur aukist og batnað á undanförunum árum og er sífellt að færast í nútímalegra horf. Síðustu þrjú árin hefur vörðstefna umdæmisins verið haldin með verðandi forystumönnum umdæmis og klúbba.
- Stofnaðir hafa verið ungliðaklúbbar, þ.e. Kiwanis Junior Mjólnir og Byggjendaklúbbur Engjaskóla
- Konur eru í æ ríkar mæli að hasla sér völl innan Kiwanis þótt styrkur þeirra í umdæminu mæti eflaust vera mun sterkari. Konur eru í kvennaklúbbum en aðeins einn klúbbur innan umdæmisins eru blandaður.
- Sinawikkklúbbum hefur fækkað, en þar hefur á móti konur komið inn í

3. Innri greining.

Ef skoðað er hvernig starfi umdæmisins er háttað í dag þá er það nokkuð hefðbundið.

Umdæmisstjórnarfundir.

Umdæmisstjórnarfundir eru um 4 á ári með fundum sem eru haldnir í kring um umdæmisþing. Þar eiga sæti fastastjórn sem eru 12 félagar. Það er umdæmisstjóri, fráfaramandi umdæmisstjóri, kjöruumdæmisstjóri, erlendur ritari, umdæmisritari, umdæmisféhirðir og sex svæðisstjórar, en þessir aðilar eru með atkvæðisrétt. Þar fyrir utan eru nefndarformenn sem sitja þessa fundi og getur því verið um 30-40 manns sem sitja umdæmisstjórnarfundum. Einnig er reglan að fyrrverandi umdæmisstjórum er sent fundarboð. Fundarform og skýrslur skulu vera samkvæmt þeim ákvæðum sem í hentar hverju sinni.

Skrifstofa umdæmisins.

Rekstur skrifstofunnar er á ábyrgð umdæmisstjórnar hverju sinni

Nefndir umdæmisins.

Nefndir umdæmisins eru fjölmargar, og kemur það m.a. af reglum KI, þar sem kveðið er á um ákveðnar nefndir á vegum umdæmisins einnig þeim nefndum sem eru starfandi á hverjum tíma, samkvæmt “Handbók umdæmisstjórnar,

Í starfi umdæmisstjórnar á að vera virkt eftirlit með starfi nefnda t.d. með því að:

- Boða formenn og eða stjórn á sér fundi með reglulegu millibili til þess að fara yfir stöðuna.
- Boða formenn klúbba ef sérstök tilefni gefast.

Fræðsla umdæmisins.

Fræðsla umdæmisins er í stöðugri þróun og unnið er eftir “Handbók embættismanna” Haldin er fræðsla fyrir alla embættismenn, og síðan upprifjun á föstudegi fyrir þing. Fræðsluráðstefna er haldin árlega að vori, í tengslum við forsetafræðslu. Fræðsluefni er nú komið í tölvutækt form og stefnt er að setja það inn á heimasíðu umdæmisins til þess að gera það sem aðgengilegast.

Stofnun nýrra klúbba.

Unnið hefur verið að stofnun nýrra klúbba sem dæmi er unnið að stofnum klúbba í Færeyjum einnig er reynt að sporna við fækkun og að klúbbar legðust af. Hér þarf að læra af reynslunni og fylgja eftir og leiðbeina til þess að renna frekari stöðum undir starf þeirra og einnig að koma á samstarfi klúbba við ákveðin verkefni.

Fjölgun nýrra félaga.

Fjölgun nýrra félaga og gegnumstreymi hefur verið vandamál, Unnið hefur verið gegn gegnumstreymi en ekki nógu markvist. Skoðaðar hafa verið ýmsar leiðir eins og hafa nýjan félagi í aðlögun jafnvel í eitt ár áður en hann er tekin inn, og þá búinn að kynnast klúbbum og hreyfingunni. Ef hann tekur þá þessa ákvörðun um að koma þá er hann langtímafélagi frekar en sá sem fer hratt inn og sér kannski of seint að þetta passar ekki í hans lífsmunstur. Stofnaður hefur verið ungmennaklúbbur Byggjendaklúbbur.

Umdæmisþing.

Umdæmisþing eru haldin einu sinni á ári um miðjan september. Umdæmisþing er æðsta vald umdæmisins og þar á að taka ákvarðanir og samþykkja það sem gert hefur verið. Þingin einkennast þó of um eins og annað að um mikinn lestur fundargerða yfir það sem gert var í gær, en ekki mikið rætt um framtíðina, eða hvernig hefur tekist til. Öll gögn eru rétt tilbúin fyrir þingið og þannig að menn eru að lesa þetta um leið og það er lesið af viðkomandi í pontu. Dagskrá er send út, þar kemur fram þau málefni sem ræða skal og einnig er dagskráin birt í Kiwanisfréttum. Sérstök málefni fyrir hvert þing er sent út til umræðu í klúbbum. Samþykktum er gerðar eru á umdæmisstjórnarfundum og þingum er ekki fylgt nógu vel eftir og ekkert endilega unnið eftir af þeim sem koma á eftir. Þetta fer eingöngu eftir því hverjir eru við stjórn hverju sinni. Ekki er fylgt eftir að unnið sé eftir skipunarbréfum og stjórn umdæmis, svæða og klúbba fylgja ekki eftir starfinu sem skyldi.

Önnur atriði.

Kiwanisklúbbar geta gert mikið í því að tengja Sinawik við starf klúbbanna með sérstökum verkefnum og ákveðnum fundum einnig að fá maka þar sem Sinawikklúbbar eru ekki starfandi að kalla maka til starfa við sérstök verkefni og ákveðna fundi.

Til þess að starfið verði skýrt þarf stefnumótun stöðugt að vera í endurskoðun, stefnumörkunin þarf að taka til starfsins í heild og vera í samræmi við þau markmið sem sett eru

4. Ytri greining.

Ef skoðað er út á við og sú umgjörð sem hreyfingin hefur, þá er hún nokkuð góð hvað almenningsáliti varðar. Það vita flestir af hreyfingunni án þess að það sé gert markvisst eða eftir áætlun. Ekki er vitað til þess að hreyfingin hafi verið markaðsett ef svo er tekið til orða. Klúbbar eru misvel settir með að komast í blöð, en mikið af úthlutun vegna styrktarverkefna birtist í staðarblöðum, og sumir klúbbar gefa út sín blöð í héraði og þannig mjög vel kynntir, en ekki mikið á landsvísu. Engin heldur þessu til sérstaklega til haga og því undir hattinn lagt hvernig þeim málum er háttað hverju sinni.

5. Styrkur, veikleikar, ógnanir, tækifæri.

Styrkur.

Styrkur hreyfingarinnar er óumdeilanlega starf fortíðarinnar og það sem hún hefur gert í styrktarmálum og samþykktum landsverkefnum.

- K- dagurinn á þriggja ára fresti til styrktar geðmálum
- Hjálma verkefnið, reiðhjól hjálmar til allra 7 ára barna á landinu.
- Önnur samþykkt landsverkefni.
 - Joð-verkefnið
 - Lífs-vísis verkefnið
 - KEP- verkefnið
- Þátttakendur í alþjóðahreyfingu.
- Öflugir félagsmenn og góður félagsandi.
- Aðgerðir umdæmisstjórnar undanfarin ár í að styrkja fjárhagsstöðu umdæmisins hefur skilað góðum árangri.
- Styrktarsjóður Umdæmisins
- Tryggingasjóður Umdæmisins
- Eignaraðild að Engjateigi 11 sem tryggir fast aðsetur.
- Heimasíða Kiwanis “ www.kiwanis.is
- Kiwanisfréttir

Veikleikar.

- Fækkun félaga, voru flestir um 1300 upp úr 1980
- Fækkun klúbba, voru 43 flestir en eru nú 38

- Of fáar konur eru í Kiwanis.
- Vantar endurskoðaða stefnumótun umdæmisins
- Markmið eiga að vera tengd stefnumótun
- Ekki nóg kynning á verkefnum Kiwanis.
- Ekki nógu skýr mynd fyrir hvað Kiwanis stendur.
- Of margir halda að þeir þurfi að ganga í hús og selja.

Ógnanir

Samkeppni við önnur félagasamtök og afþreyingaratriði.

Tækifæri.

- Beina sjónum að þeim markhópum sem starf Kiwanis stendur best fyrir.
- Nýta nútímataekni. Heimasíða og fl.
- Kynning á hreyfingunni í tengslum við verkefni eins og Hjálmaverkefnið og K-daginn.
- Uppsveifla er möguleg.
 - Fjölgun félaga
 - Kvenna
 - Ungliða
 - Fjölgun klúbba.
 - Kvinnaklúbba
 - Ungliðaklúbba
 - Blandaðra klúbba
- Setja langtímastefnu um markmið og leiðir.

6. Framtíðarsýn, stefna og hlutverk Kiwanishreyfingarinnar.

Á hverjum tíma þarf að fara mat á stöðu og starfi umdæmisins. Hver tími kallar á ný vinnubrögð og nýja sýn. Við þurfum að fylgja vel eftir hugmyndum sem settar hafa verið fram af Kiwanis International:

- Framtíðarsýn KI varðandi fjölgun er að 2015 verði félagatalið 1 milljón Kiwanisfélagar á 100 ára afmæli

Það þarf að nýta alla nýjustu tölvutækni til aukinnar samvinnu umdæmisins og klúbba. Við þurfum að stórauka kynningu á starfssemi klúbba í landinu og gera hreyfinguna sýnilegri í því sem hún er að gera og gera það markvisst. Stærsta áttak sem Kiwanisklúbbar í umdæminu þurfa að fara í, er fjölgun

- við þurfum að fjölga félögum
- við þurfum fleiri klúbba,
- við þurfum að auka hlut kvenna í Kiwanis og
- við þurfum að stofna ungmennaklúbba.
- Við þurfum að kynna okkur betur

Það er hverju byggðarlagi nauðsynlegt að hafa góðan Kiwanisklubb starfandi. Það þarf að byggja á því besta sem gert er í dag, og hefur verið frá því að hreyfingin hóf göngu sína, en það þarf að gera það með nýjum útfærslum, auknum þunga og af enn

meiri bjartsýni. Kiwanishreyfingin er öflug félagsmálahreying sem stendur fyrir merktum málum sem tekið er eftir, en það er undir þeim er við stjórnvölinn eru hverju sinni hvernig til tekst að viðhalda vöxt í hreyfingunni og gera gott betur. Kiwanismenn geta með sanni verið stoltir af sínum verkum.

Heimasíða og heimasíður.

Áfram verði haldið við að gera heimasíðu umdæmisins eins öfluga og lifandi og kostur er því góð og lifandi heimasíða nýtist hreyfingunni í starfi sínu á hverjum degi. Klúbbum verði veitt aðstoð við að koma upp og hýsa síður þeirra.

Kiwanisfréttir.

Það er stefna umdæmisins að halda úti Kiwanisfréttum

7. Stefnumótun forgangsverkefni.

Til þess að starfið verði markvissara þarf að setja stefnumótun þar sem unnið er eftir markvist eftir samþykktum markmiðum.

Hér á eftir fara þau atriði er þarf að setja stefnu um og festa í vinnuramma. Það verður dregið á helstu atriðum en framkvæmdin verður síðan í smáatriðum í höndum þeirra er stjórna.

Hlutverk skrifstofu umdæmisins:

Hlutverk skrifstofu skal vera að þjóna Kiwanisumdæminu Ísland-Færeyjar.

- Rekstur skrifstofunnar skal vera á ábyrgða umdæmisstjórnar hverju sinni.
 - Umdæmisstjórn skal ákveða hverju sinni hvort sérstakur starfsmaður skuli ráðinn og sjá um ráðningu hans samkvæmt fyrirliggjandi starfslýsingu.
- Nýta skal bein sambönd við stjórnendur umdæmisins í gegnum síma og með tölvupósti.

Fyrirkomulag fræðslu/gögn.

Halda skal fræðslu fyrir verðandi embættismenn samkvæmt handbók, sem skiptist í:

- Fræðsla fyrir kjörsvæðisstjóra í mars
- Fræðsla fyrir kjörforseta í apríl er í tengslum við árlega fræðsluráðstefnu.
- Fræðsla verðandi forseta, féhirða og ritara í tengslum við umdæmisþing.
- Gögn vegna fræðslu er handbók sem útbúinn er fyrir þessa embættismenn, handbókin er á tölvutæku formi.

Handbók umdæmisstjórnar

Í henni er að finna vinnureglur embættismanna og nefnda.

Fyrirkomulag umdæmisþinga.

- Starfsreglur Þingnefndar og breytingar eru samþykktar á umdæmisþingi nú síðast í ágúst 2003. Í starfsreglunum segir til um fyrirkomulag umdæmisþinga.

- Staðarval umdæmisþinga fer eftir Reglugerð um staðarval umdæmisþinga sem samþykkt var á umdæmisþingi í sept. 2005

Fyrirkomulag umdæmisstjórnarfunda.

Fjöldi funda á árinu, að lágmarki 2 en að jafnaði hafa verið haldnir 4 til 5 fundir. Fyrirkomulag er ákveðið nánar af umdæmisstjórn hverju sinni. Umdæmisstjórn myndar framkvæmdaráð sem skipuð er, fráfaramandi umdæmisstjóra, umdæmisstjóra, kjörumdæmisstjóra og verðandi kjörumdæmisstjóra, ritara, erlendum ritara og féhirði, fundir eru haldnir einu sinni í mánuði og fylgir eftir málum á milli umdæmisstjórnarfunda.

Svæði.

Endurskoða á skipun svæða innan umdæmisins. Stefnt er að Færeysjar verði sjálfstætt svæði

Fyrirkomulag svæðisráðsfunda.

- 1 Fjöldi funda eftir svæðum, en þessir fundir gætu verið mismunandi margir eftir því í hvaða svæði er um að ræða.
- 2 Ákvörðun um fyrirkomulag funda skal vera í höndum viðkomandi svæðisstjórnar.
- 3 Virkja fráfaramandi svæðisstjóra sem tengilið við fræðslunefnd vegna fræðslu fyrir embættismenn sem þar eru með skyldumætingu.
- 4 Ath. með ákveðið þema fyrir ákveðna fundi

Samræmt félagatal tölvukeyrt .

- Unnið er að sameiginlegum gagnagrunni fyrir félagatal Kiwanishreyfingarinnar sem verður á ábyrgð umsjónarmanns félagatals umdæmisins.
- Í hverjum klúbbi verði skipaður ákveðinn tengiliður sem er ábyrgur fyrir að uppfæra félagatal reglulega og koma upplýsingum til umsjónarmanns félagatals umdæmisins.

Með þessari framkvæmd yrði sem best tryggt að félagatal sé sem réttast og reglulega uppfært og tryggi enn betur að innheimta sé í samræmi við réttan fjölda.

Viðurkenningar:

- Fyrirmyndarklúbbur. Á umdæmisþingi er veitt viðurkenning til fyrirmyndarklúbbs samkvæmt samþykktri viðmiðun.
- Fjölmíðlabíkarinn, er veittur fyrir athyglisverða fjölmíðlakynningu
- Viðurkenning fyrir athyglisverðasta styrktarverkefnið.
- Veita skal viðurkenningar vegna félaga fjölgunar í samræmi við ákvörðun KI
- Heimild til þess að veita viðurkenningu vegna einstaks framlags til málefna er tengjast markmiðum Kiwanis.

Sjóðir

Styrktarsjóður KI Kiwanis International Foundation
Styrktarsjóður Umdæmisins
Tryggingasjóður Kiwanis

Fjármál:

Fjárhagsnefnd hefur unnið vel undanfarin ár og skilað árangri.

8. Framkvæmdaáætlun

2006 sett í framkvæmd.

Rætt á fræðsluráðstefnu í maí og sent til klúbba síðan tekin til afgreiðslu á umdæmisþingi

- 1 Leggja áherslu á að klúbbarnir styrki innra starf.
- 2 Að klúbbarnir skrái ástæðu þess ef félagar hætta til að hægt sé að sjá hver er helsta ástæðan fyrir gegnumstreyminu, svo hægt sé að grípa til aðgerða ef það er þá hægt. Einnig að fylgjast með flutningi þannig að auðvelda félaga að finna nýjan klúbb.
- 3 Stofnaður verði nýr klúbbur í Færeyjum
- 4 Stofnaður verði klúbbur á höfuðborgarsvæðinu.

2007 sett í framkvæmd.

Á þessu ári verði eftirfarandi aðgerðir framkvæmdar eða sett í framkvæmd.

- 1 Stofnaður verði nýr kvennaklúbbur
- 2 Stofnaður verði nýr klúbbur á Árborgarsvæðinu.
- 3 Stefnumótun í ungliðamálum
- 4 Stofnaður verði Unglingaklúbbur.
- 5 Stefnt að raunfjölgun um 5%.
- 6 Endurskoðun á svæðum og stofnun á svæði í Færeyjum
- 7 Sett verði vinna í gang könnun að stofnun klúbbs á Austfjörðum.

2008 aðgerðir.

Á þessu tímabili verður komið einhver niðurstaða á þær aðgerðir sem hafa verið settar í gang. Árið 2008 þarf að stefna á að fjölga Kiwanisfélögum þannig að um raun fjölgun verði að ræða. Því mun þetta ár fara í að skoða það sem gerst hefur og halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið með enn meiri þunga.

Annað sem þarf að skoða:

- 1 Endurskoða stefnumótunina, laga til og eða einfaldlega halda áfram á sömu braut ef það virkar.
- 2 Endurskoða áætlun um félagafjölgun og koma með tillögur.
- 3 Endurskoða rekstur og skoða alla hagræðingu sem skynsamleg er, og koma með tillögur.
- 4 Halda áfram markaðsetningu hreyfingarinnar á hagkvæman hátt.
- 5 Halda áfram á þeirri braut að hlúa að innra starfi klúbba.

2009.

- 1 Endurskoða stefnumótunina, laga til og eða einfaldlega halda áfram á sömu braut ef virkar.
- 2 Endurskoða áætlun um félagafjölgun og koma með tillögur.
- 3 Endurskoða rekstur og skoða alla hagræðingu sem skynsamleg er, og koma með tillögur.
- 4 Halda áfram markaðsetningu hreyfingarinnar á hagkvæman hátt.

2010.

- 1 Endurskoða og leggja drög að nýrri stefnumótun sem yrði byggð á því sem gert hefur verið og því umhverfi sem hreyfingin verður í þá.
- 2 Taka þarf saman árangur hvort heldur varð eða ekki á öllum atriðum sem unnið hefur verið að undanfarin ár frá því að stefnumótunin var gerð og endurskoða.
- 3 Leggja fyrir klúbbana og síðan fyrir þing til samþykktar.

2011.

- 1 Hér byrjar sama ferlið með nýjum og breyttum áherslum miðað við samþykktu stefnu sem allir vinna eftir almennt.

Ef við setjum okkur stefnu og markmið og vinnum síðan eftir því og prufum okkur áfram, þá eru meiri líkur á árangri.

En við verðum að vita hvað við þurfum í því umhverfi sem við lifum í og vera órög að breyta til ef á þarf að halda en ekki öðruvísi.